



YFIRLIT – SPARNADARLÍFTRYGGING 2013

SJÓVÁ

## SPARNAÐARLÍFTRYGGING

## ERLENDIR SJÓÐIR - ÁVÖXTUN ER Í HÖNDUM HENDERSON GLOBAL INVESTORS

Einungis viðskiptavinir sem fjárfesta nú þegar í sjóðum Henderson geta haldið því áfram meðan gjaldeyrishöft ríkja. Ekki er hægt að hækka innborganir, en hægt er að færa inneign á milli sjóða sé þess óskað.

## EVROPUSJÓÐUR

## MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	28,14%	23,04%
24 mánuðir	31,69%	26,36%
48 mánuðir	11,05%	6,77%

## FJÁRFESTINGASTEFNA

## LÁGMARK

## HÁMARK

Evrópsk hlutabréf	55%	95%
Evrópsk smáfyrirtæki	5%	45%

## MARKMIÐ

Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu. **Einungis viðskiptavinir sem nú þegar eru að fjárfesta í sjóðum Henderson geta haldið áfram að fjárfesta í þeim sjóðum meðan gjaldeyrishöft ríkja.**

## SKULDABRÉFASJÓÐUR

## MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	-4,23%	-8,05%
24 mánuðir	10,07%	5,64%
48 mánuðir	0,83%	-3,06%

## FJÁRFESTINGASTEFNA

## LÁGMARK


## HÁMARK

Alheimsskuldabréf	60%	100%
Evrópsk skuldabréf	0%	40%

## MARKMIÐ

Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim. **Einungis viðskiptavinir sem nú þegar eru að fjárfesta í sjóðum Henderson geta haldið áfram að fjárfesta í þeim sjóðum meðan gjaldeyrishöft ríkja.**

## Erlendir sjóðir – gengisþróun



## ALHEIMSSJÓÐUR

## MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	17,14%	12,47%
24 mánuðir	18,01%	13,25%
48 mánuðir	7,43%	3,29%

## FJÁRFESTINGASTEFNA

## LÁGMARK

## HÁMARK

Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Amerísk hlutabréf	10%	50%
Japönsk hlutabréf	5%	35%
Hlutabréf í Kyrrahafslöndum	0%	20%

## MARKMIÐ

Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum. **Einungis viðskiptavinir sem nú þegar eru að fjárfesta í sjóðum Henderson geta haldið áfram að fjárfesta í þeim sjóðum meðan gjaldeyrishöft ríkja.**

## ÞRÓUNARSJÓÐUR

## MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	23,25%	18,34%
24 mánuðir	24,65%	19,62%
48 mánuðir	9,69%	5,45%

## FJÁRFESTINGASTEFNA

## LÁGMARK


## HÁMARK

Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Evrópsk smáfyrirtæki	10%	50%
Nýmarkaðir	5%	35%
Hlutabréf tæknifyrirtækja	0%	20%

## MARKMIÐ

Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum. **Einungis viðskiptavinir sem nú þegar eru að fjárfesta í sjóðum Henderson**

## Erlendir sjóðir – gengisþróun





# HORFUR Á MARKAÐI

## Hagvöxtur

Það stefnir í að hagvöxtur verði um 3% árið 2013 en metár í komu erlendra ferðamanna hafði jákvæð áhrif. Ef kjarasamningar verða á þeim nótum sem stefnt er að og aðrir áhrifaþættir í hagkerfinu verða hagfelldir eru greiningaraðilar bjartsýnir á að hagvöxtur verði svipaður árið 2014.

## Stýrivextir

Stýrivextir Sí, sem eru 6%, hafa verið óbreyttir síðan í nóvember 2012. Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands sagði samhlíða síðustu vaxtaákvörðun í desember sl. að niðurstaða kjarasamninga myndi hafa afgerandi áhrif á verðbólguhorfur og þar með á þróun vaxta á næstu misserum. Horfur eftir kjarasamninga verða að teljast góðar og minnka líkurnar á frekari stýrivaxtahækkunum.

## Vísitala neysluverðs

Vísitala neysluverðs hækkaði um 3,66% á árinu 2013 sem er heldur minni hækkun en árið 2012. Af einstökum liðum í vísitölunni var hækkun húsnæðisliðarins mest. Nýgerðir kjarasamningar og styrking krónunnar síðustu vikur auka að mati Seðlabanka Íslands líkur á að verðbólga á fyrstu mánuðum þessa árs minnki hratt. Einnig er þrýstingur í upphafi árs á að fyrirtæki og opinberir aðilar haldi aftur af verð- og gjaldskrárhækkunum. Aðrir áhrifaþættir sem hafa áhrif á verðbólgu eru m.a. þróun á húsnæðisverði og gengisþróun krónu. Spár flestra greiningardeilda gera ráð fyrir að verðbólga verði 3-4% á árinu.

## Gengi íslensku krónunnar

Gengi krónu sveiflaðist nokkuð á liðnu ári en eftir veikingu á fyrstu vikum ársins tók við styrking sem náði hámarki í maí. Eftir nokkrar sveiflur á árinu var myndarleg styrking í desembermánuði. Í árslok hafði krónan styrkst um 9,7%, bandaríkjadollar lækkað um 10,8% og evran um 6,8% gagnvart íslensku krónunni.

## Innlend hlutabréf

Árið 2013 var ár innlendra hlutabréfa en úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 18,9%. Breytingar á hlutabréfaverði félaga á markaði var æði misjöfn á árinu. Hlutabréf í Ícelandair hækkuðu mest eða um 121% og Hagar um 68%. Þrátt fyrir að hlutabréfaverð flestra félaga hafi hækkað á árinu lækkaði gengi hlutabréfa þegar uppgjör félaga voru undir væntingum. Gengi hlutabréfa í Vodafone og Marel lækkaði árinu. Skráðum fyrirtækjum á Aðallista Kauphallar Íslands fjölgaði um þrjú á árinu en tryggingarfélagin VÍS og TM voru skráð auk N1. Íslensk hlutafélög á Aðallista Kauphallarinnar eru orðin ellefu og væntingar eru um að tvö til sex félög verði skráð í Kauphöllina á árinu. Þegar hefur verið tilkynnt um að stefnt sé að skráningu HB Granda, Símans, Sjóvár og Promens.

## Erlend hlutabréf

Erlendir hlutabréfamarkaðir skiluðu góðri ávöxtun að undanskildum hlutabréfamörkuðum í nýmarkaðsríkjum. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) mæld í bandaríkjadollurum, hækkaði um 26,68% og 13,86% í íslenskum krónum. Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum hækkuðu um 25% og í Evrópu um 15-20%, mælt myntum viðkomandi landa. Í upphafi árs ríkir bjartsýni en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir efnahagsbata í heiminum. Mikilvægt er að hafa í huga að gengisþróun krónu hefur áhrif á ávöxtun erlendra hlutabréfa í íslenskum krónum.

## Innlend skuldabréf

Verðtryggt ríkisskuldabréf áttu erfitt uppdráttar árið 2013 eftir góða ávöxtun á árunum 2008-2012. Tveir flokkar verðtryggðra skuldabréfa (HFF 14, HFF 24) skiluðu jákvæðri raunávöxtun á síðasta ári. Minni verðbólga en spár gerðu ráð fyrir ásamt neikvæðri umræðu og óvissu um framtíð Íbúðalánasjóðs hafði áhrif til hækkunar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa Íbúðalánasjóðs. Hærri ávöxtunarkrafa hefur áhrif til lækkunar á gengi skuldabréfa. Lengri flokkar óverðtryggðra ríkisskuldabréfa skiluðu 5-7% nafnávöxtun á árinu. Framboð fyrirtækjaskuldabréfa hefur aukist en dregið hefur úr útgáfu ríkisskuldabréfa og ríkisvíxla. Ríkissjóður stefnir að því að draga úr skuldabréfaútgáfu á árinu og ekki er ljóst hvort Íbúðalánasjóður fari í skuldabréfaútbod á næstunni.

## SJÓÐIR Í ÁVÖXTUN HJÁ ÍSLANDSBANKA

RÍKISSJÓÐUR			
MEÐALÁRSÁVÖXTUN			
	TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
	12 mánuðir	1,57%	-2,48%
	24 mánuðir	3,96%	-0,21%
	48 mánuðir	7,59%	3,44%
FJÁRFESTINGASTEFNA			
	LÁGMARK	HÁMARK	
	Innlán/laust fé	0%	10%
	Ríkisskuldabréf	0%	90%

## MARKMIÐ

Ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

HLUTABRÉFASJÓÐUR			
MEÐALÁRSÁVÖXTUN			
	TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
	12 mánuðir	31,72%	26,47%
	24 mánuðir	26,31%	21,20%
	48 mánuðir	15,22%	10,78%
FJÁRFESTINGASTEFNA			
	LÁGMARK	HÁMARK	
	Innlend hlutabréf	90%	100%
	Laust fé	0%	10%

## MARKMIÐ

Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

INNLANNS OG RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐUR			
MEÐALÁRSÁVÖXTUN			
	TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
	12 mánuðir	2,38%	-1,71%
	24 mánuðir	3,78%	-0,38%
	48 mánuðir	6,76%	2,64%
FJÁRFESTINGASTEFNA			
	LÁGMARK	HÁMARK	
	Innlán	20%	40%
	Skuldabréf m. áb. ríkisins	60%	100%

## MARKMIÐ

Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

## BLANDAÐUR HLUTABRÉFASJÓÐUR

### MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	24,23%	19,28%
24 mánuðir	24,93%	19,88%
48 mánuðir	10,95%	6,67%

### FJÁRFESTINGASTEFNA

	LÁGMARK	HÁMARK
Erlend hlutabréf Sjóvá	35%	35%
Innlend hlutabréf Sjóvá	65%	65%

### MARKMIÐ

Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## ERLEND HLUTABRÉF OG ERLENDUR VAXTASJÓÐUR

### MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	17,15%	12,48%
24 mánuðir	20,88%	16,00%
48 mánuðir	8,22%	4,05%

### FJÁRFESTINGASTEFNA

	LÁGMARK	HÁMARK
Innlán/laust fé	0%	10%
Erlend hlutabréf	90%	100%

### MARKMIÐ

Eignaaukning til lengri tíma með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## ÍSLENSK SKULDABRÉF

### MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	4,24%	0,08%
24 mánuðir	6,37%	2,11%
48 mánuðir	8,92%	4,72%

### FJÁRFESTINGASTEFNA

	LÁGMARK	HÁMARK
Innlán/laust fé	0%	20%
Ríkisskuldabréf	60%	100%
Önnur skuldabréf	0%	20%

### MARKMIÐ

Markmið sjóðsins er að skila góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta einkum í innlendum skuldabréfum. Allur arður verður endurfjárfestur. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## INNLEND VERÐBRÉF OG ÍSLENSK VERÐBRÉF

### MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	10,39%	5,99%
24 mánuðir	10,60%	6,15%
48 mánuðir	10,39%	6,13%


### FJÁRFESTINGASTEFNA

	LÁGMARK	HÁMARK
Innlend hlutabréf	0%	20%
Ríkisskuldabréf	40%	100%
Önnur innlend skuldabréf	0%	20%
Innlán/laust fé	0%	10%

### MARKMIÐ

Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Innlendir sjóðir – gengisþróun



## Innlendir sjóðir – gengisþróun

